

Alþingi
Erindi nr. P 131/1025
komudagur 8.3.2005

Nefndasvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2005.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til vatnalaga, 131. löggjafarþing 2004–2005, þskj. 546 - 413. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Frumvarp þetta er samið af ráðherraskipaðri nefnd sérfræðinga og hagsmunaaðila sem skipuð var fyrir tæpum tveimur árum, en endurskoðun vatnalaga hófst árið 2001 á vegum iðnaðarráðherra. Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi núgildandi vatnalög nr. 15/1923 með síðari breytingum. Markmið endurskoðunarinnar er að samræma ákvæði vatnalaga annarri löggjöf sem sett hefur verið frá því núgildandi lög tóku gildi. Ljóst þótti að einstakir þættir laganna væru úreltir eða betur fyrir komið í öðrum lögum auk þess sem nauðsynlegt þótti að endurskoða stjórnsýslu vatnamála. Nefnt er í athugasemdum með frumvarpinu að frá setningu núgildandi vatnalaga hafi orðið miklar samfélagsbreytingar, tæknibreytingar hafi orðið og vægi umhverfisverndar hafi aukist til muna. Laganefnd sýnist að vel hafi tekist til með frumvarpi þessu að ná yfirlýstu markmiði endurskoðunarinnar og gerir ekki aðrar athugasemdir en þá sem að neðan greinir.

4. gr.

Eignaréttur fasteignareiganda að vatni er skilgreindur í 2. gr. núgildandi vatnalaga þar sem segir að landareign fylgi réttur til umræða og hagnýtingar þess á þann hátt er lögin heimili. Fyrirhugað frumvarp gerir ráð fyrir að þetta breytist. Laganefnd tekur tekur undir röksemdir sem fram koma í frumvarpinu að baki því að breyta hinni jákvæðu skilgreiningu eignarréttar fasteignareiganda að vatni sem nú er í í vatnalögum í neikvæða skilgreiningu eins og almennt hefur verið gert um eignarrétt í síðari tíma lögfræði, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í ítarlegri útlistun fraumvarps-höfunda í III. kafla, IV. kafla og upphafi V. kafla almennra athugasemda er hér ekki um efnisbreytingu að ræða á inntaki eignarráða fasteignareiganda og er í athugasemdum með 4. frumvarpsgreininni vísað til hinna almennu athugasemda. Hins vegar þykir laganefnd það ekki góðir lagasetningarhættir að um breytingu þessa skuli segja í V. kafla almennra athugasemda, þar sem hún er fyrst nefnd af helstu breytingum sem í frumvarpinu felist, að hér sé “fyrst og fremst” um formbreytingu að ræða. Slíkt orðalag í athugasemdum með frumvarpi er að mati Laganefndar til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna og mun skýrara væri að segja afdráttarlaust að hér sé einungis um formbreytingu að ræða, sé það skilningur löggjafans á umræddri breytingu á skilgreiningu eignarráða fasteignareiganda.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hr., formaður.